



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Akureyrarbær, Samfélags- og mannréttindadeild
Kristinn J. Reimarsson
Rósenborg, Skólastíg 2
600 Akureyri

Reykjavík 28. ágúst 2019

Tilv.: MMR19020166/12.7.0


Efni: Sjóður fyrir fjölmiðla


Vísað er til erindis yðar dags. 18. febrúar 2018 þar sem reifuð er hugmynd um stofnun sérstaks sjóðs sem fjölmiðlar á landsvísu geta sótt um styrki til að kosta ferðir gagnrýnenda á lista- og menningarviðburði á Akureyri.

Í frumvarpi, sem nú liggur fyrir Alþingi, um breytingar á fjölmiðlalögum nr. 38/2011 er ekki gert ráð fyrir svigrúmi til styrkveitinga af þessu tagi en hins vegar standa vonir til þess að sú endurgreiðsla og styrkir sem veittir verða stuðli að vandaðri og fjölbreyttari blaðamennsku og er umfjöllun og gagnrýni um menningarmál þar með talin. Þá vill ráðuneytið benda á möguleika Akureyrarbæjar og nágrannasveitarfélaga að standa að stofnun sjóðs af því tagi sem hér ræðir, e.t.v. með stuðningi uppbyggingarsjóða og annarra slíkra aðila.

Ráðuneytið telur ákjósanlegt að þetta málefni verði rætt við undirbúning að endurnýjun samnings við Akureyrarbæ um ráðstöfun rekstrarframlags til menningarmála. Að auki mun ráðuneytið kanna afstöðu Ríkisútvarpsins til þessa máls við endurnýjun samnings um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu, sem rennur út um næstu áramót.

Fyrir hönd ráðherra


Karitas H. Gunnarsdóttir


Þorgeir Ólafsson